

L Ö G

70

27. júní

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn.

Í kirkjugarðsstjórninni eiga sæti 5 menn, ef söfnuðir eru ekki fleiri en 5, en ella 7 menn. Setur dóms- og kirkjumálaráðherra reglur um kosningu þeirra, ef þurfa þykir.

Varamaður kemur í stað aðalmanns, ef hann getur ekki sinnt störfum um stundarsakir. Fari annar hvor þeirra úr sóknarnefnd eða safnaðarstjórn, er hann um leið úr kirkjugarðsstjórn, og skal þá kosið í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda að því er tekur til kirkjugarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

71

27. júní

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 3. gr. laganna bætist: Í kaupstöðum og öðru þéttbýli má þó boða fundinn með þriggja daga fyrirvara.

2. gr.

a. Fyrsta málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Aðalsafnaðarfund skal jafnan halda á tímabilinu frá 1. apríl til 1. júní ár hvert.